

# I.

Um

## Jón Sigurðsson

á

### Gautilöndum.

(Eftir Jón Jónsson á Reykjum).

Því fer fjarri að ég þykist þeim vanda vaxinn að rita æfisögu þessa merkismanns, sem hér er um að ræða. Það er mjög mikill vandi að rita æfisögur svo vel sé; til þess þarf þekkingu, eigi að eins á þeim atburðum og því lífsstarfi, er lýsa skal, heldur og öðrum samtíða atburðum, stefnum þeim og skodunum, er ríkjandi voru meðan maðurinn lifði og enn, og ekki hvað sízt, á mannlegu hugsunarlífi og sálarlífi yfir höfuð. Væri æfisaga Jóns Sigurðssonar rituð svo sem skyldi, yrði hún um leið framfarasaga Þingeyinga frá c. 1850, og til þessa tíma, því að fátt eða ekkert þess, er gert hefir verið hér til framfara andlegra eða líkamlegra, á þessu árabili, og sem hefir fengið nokkurn verulegan viðgang og þroska, hefir verið framkvæmt án þess að hann ætti þar mikinn og góðan hlut að. En einkum er þó saga hans sama sem saga þeirrar sveitar, er hann bjó í alla æfi. Þar fékk hann þroska þann og atgervi, er allir hlutu að dást að, og þar vann hann einnig flest sín verk.

Það er nú svo skammt síðan hann lézt, að enn er torvelt að átta sig til fullhustu á lífi hans og störfum.

Andvari. XVI.

Til þess þyrfti einnig allmikinn undirbúning, svo sem að kynna sér bréf, bæði þau, er hann reit, og þau, er honum bárust, sömuleiðis gerðabækur ýmsra félaga og margt fleira. Þetta hefi ég ekki getað gert enn. Ber til þess, auk annars, annir mínar og ódugnaður, og að nokkru það, að ég er eigi búsettur nógu nærri þeim stöðvum, þar sem slíks er helzt að leita. Ég hefi því að svo komnu, eigi annað að bjóða en mjög ófullkomið og ónákvæmt ágrip.

*Jón Sigurðsson* er fæddur að Gautlöndum í Mývatnsveit 11. dag maímánaðar 1828. Þar bjuggu þá foreldrar hans, Sigurður Jónsson og Kristjana Aradóttir; var hún síðasta kona Sigurðar. Sigurður hafði átt börn allmörg með hinum fyrri konum sínum — alls átíu hann 23 börn — lifðu nokkur þeirra til elli og eru allmargir afkomendur þeirra á ýmsum stöðum í þessu héraði. Þau Sigurður og Kristjana áttu saman börn mörg; komust engin þeirra á legg, heldur dóu þau jafnótt. Jón var hið síðasta barn þeirra, og munu menn eigi hafa búizt við, að honum yrði langra lífdaga auðið, fremur en hinum öðrum börnum þeirra. Enda var hann skírður samdægurs í kirkju og er þó eigi allskammt frá Gautlöndum til kirkjunnar að Skútustöðum. Kerling ein gamla var á Gautlöndum, er Jón fæddist; hún mælti, þá er hún sá sveinninn: »Væri ég guð, skyldi ég láta þennan dreng lifa«.

Sigurður faðir Jóns var á sinni tíð tilkvæmdamaður mikill. Hann var góður búmaður og vel við efni alla æfi. Greindur var hann og fróður, stálltur og ráðsvinnur. Hann var einkar nærfærinn við sjúka, og var hans allmjög leitað sem læknis og þótti vel gefast. Áður en hann flutti að Gautlöndum, bjó hann að Lundarbrekku í Bárðardal. Var þar í Bárðardal ætt hans og uppruni. Ætt Jóns Sigurðssonar er rakin í Tímartí Jóns Péturs-

sonar, og geta þeir, er vilja, kynnt sér hana þar. Það er hvortveggja, að mig skortir fróðleik til að rekja ættina, svo nokkurt gagn sé að, enda tæki það upp allt of mikið rúm í þessu litla ágripi. En þó get ég ekki stílt mig um að geta hér munnmæla, er gengið hafa um móðurætt Jóns, með því líka þau munnmæli eru eigi ósennileg að ýmsu leyti.

Eins og sagt er á undan var Kristjana, móðir Jóns, Aradóttir. Hún var merkiskona, greind og gjöful, framúrskarandi dugleg en skapstór mjög. Ari faðir hennar bjó að Skútustöðum við Mývatn. Hann var merkismaður, skörungur í lund og skapstór. Hann hafði farið til Danmerkur ungur og verið all-lengi erlendis; nam hann þar snikkaraíðn og framadist auk þess á ýmsan hátt. Móðir hans var Jórunn Þorleifsdóttir, prófasts Skaptasonar, en maður hennar var Ólafur nokkur; giptist hún honum ungu, og er mælt að hún hafi þá þunguð um verið af völdum Skúla Magnússonar, er síðar var landfógeti (Skúli fógeti). Er svo sagt, að hún hafi gefin verið Ólafi, til þess að dylja ráðspjöllin; en Ólafur var ekki mikilmenni. Það fylgir sögu þessari, að Skúli hafi séð um utanför Ara og styrkt hann til menningar.

Þannig hefir sögu þessi gengið manna á meðal, og skal ég að þessu sinni engan dóm á hana leggja. En ýmsir eru þeir af afkomendum Ara á Skútustöðum, er þannig hafa verið skapi farnir, að eigi væri það með öllu ósennilegt, að þeir ætti kyn að rekja til Skúla. Tel ég þar einkum til Jón Sigurðsson og Árna Arason, móðurbróður Jóns en afa séra Árna Jónssonar á Skútustöðum. Hann bjó á Sveinsströnd við Mývatn og var drengur góður, orðlagður dugnaðar- og prekmaður, skýr og skarpur, en ráðríkur nokkuð, skapstór og kappsfullur, og þannig hefir þeim allmörgum verið farið frændum.

Jón ólst upp með foreldrum sínum. Var hann bráðger og fékk snemma mikinn þroska. Var hann þegar á ungum aldri injög fyrir flestum jafnaldra sinna; hafa

gamlir menn svo sagt mér, að jafnan hafi hann verið sjálfsgæður foringi, þá er hann var að leikjum með öðrum unglingum. Uppeldi fékk hann slíkt, sem títt var þá meðal bænda, en þó í betra lagi, því eigi skorti efni; en faðir hans vel að sér og hann sjálfur námfús og fjörugur. Hann vandist allri venjulegri sveitabænda vinnu; en lítinn orðstír gat hann sér á þeim árum fyrir duguad að við vinnu, þótti latur og hvílrækin í meira lagi; en gefinn var hann fyrir bækur, og las allt það, er hann náði til. En lítið var þá um almennar fróðleiksbækur, og fátt menntaðra manna. Eigi veit ég til, að hann hafi fengið tilsögn í nokkru því, er að bóklegri menntun lýtur, nema ef telja skyldi það, að hann var eitt-hvað lítið að heiman til að læra skrift og reikning; þá hefir hann, ef til vill, fengið líka einhverja tilsögn í að skilja dönsku, því víst er um það, að snemma var hann fariinn að lesa danskar bækur sér til gagns.

Við fráfall föður síns varð Jón að taka við bústorráðum með móður sinni; var hann þá að eins 16—17 ára að aldri. Þá lýsti það sér brátt, hvíllkur maður hann var til búsfýslu og annara framkvæmda. Bærin var forn mjög og hrörnaður; á jörðinni var tvíþýli, og fleira var þar á annan veg, en hann vildi kjósa. Hann hafði þegar mikið starf fyrir búinu; vann hann sjálfur að hverju verki sem þeir, er rökvastir voru, og hlífði sér eigi, enda ætlaðist hann til, að aðrir ynni mikið og þótti framan af árum all-vinnuharður og eigi væginn.

Eitt af því fyrsta, er hann gerði til að lagfæra búhaginn, var það, að ná jörðinni allri; varð hann að útvega manni þeim, er þar bjó móti móður hans, annað jarðnaði. Af því urðu deilur með Jóni og Árna Arasyni, móðurbróður hans, sem nefndur hefir verið. Bar þeim í milli um landsnyttjar nokkurar. En þótt Árni væri manna einbeittastur, kappsfullur og auðugur, bar hann lægri hlut í þeim viðskiftum. Var svo í ýmsu, að Jón lét ekki hlut sinn; fór þá, sem optast verður er

ungir menn ryðja sér braut sjálfir með atgervi og kappi, að þeim sem eldri eru þykir slíkt miður. Töldu margir Jón fullan ofurkapps og metnaðar og spáðu honum ófara fyrir þær sakir. En hinir yngri menn voru honum fylgjandi, og á árunum kring um 1850 og þar á eftir voru gerðar ýmsar mikilsverðar breytingar til bóta í búnaði og háttum manna í Mývatnssveit. Var Jón meðal þeirra, er fyrst og best unnu að því; má til þeirra breytinga eigi síst nefna kynbætur sauðfjár, er þá hófust með hinu svo nefnda Jökuldalsfé, og sem hafa orðið að stórmiklu gagni; þar með fylgdu mjög miklar umbætur í byggingu peningshúsa. Um sömu mundir var og tekið að bæta til mikilla muna húsabyggingar allar og húsa-skipun. Var Jón Sigurðsson meðal þeirra, er fyrst reistu bæ sinn allan af nýju, og til dauðadags lét hann sér annt um að bæta og lagfæra hýbýli sín og hvetja aðra til hins sama.

Árið 1848, 14. dag júnímánaðar, kvongaðist Jón, og gekk að eiga Sólveigu Jónsdóttur, prests Þorsteinssonar í Reykjahlíð. Þá var Jón tvítugur og voru þau hjón nær jafnaldra. Hún var hin mesta atgerviskona og verða mannkostir hennar lengi í minnum hafðir í þessu héraði, og þó víðar. Var mjög jafnt á komið með þeim hjónum fyrir margra hluta sakir. Þau voru bæði fríð og höfðingleg ásjúndum; segja svo margir gamlir menn, að jafnaltileg brúðhjón og þau hafi þeir aldrei séð. Þau voru bæði einörð, kjarkmikil og fjörug, og bæði gáfu þau jafnan hina sömu drengskaparraun, þá er til þess kom að hjálpa og liðsinna, en það var optar en svo, að tölu verði á komið. Varla var hægt að hitta svo á, að minnsta kosti á síðari árunum, að eigi væri á Gautlöndum einhverjir nauðleitamenn þeirra; tóku þau opt sjúka menn og hruna langtímum saman á heimili sitt, til þess að þeir ætti kost á betri hjúkrun og aðhlýning, en þeir gátu fengið annarstaðar. Var það þá optast húsfreyja sjálf, sem bætti því við hin mörgu störf sín,

að hjúkra sjúklingunum með eigin höndum. Fátækum mönnum gáfu þau mat, klæðnað og aðra góða hluti; þau fóstruðu fátæk börn um lengri og skemmri tíma, og þeir menn, er á uppvaxtarárum voru nokkuð á Gautlöndum, og það jafnvel þótt þeir væri þar eigi nema fá ár sem vinnumenn, urðu flestir vel að manni. Má af því marka, hve góð áhrif veran á Gautlöndum hafði á þá. Í öllu þessu voru þau svo samtiaka, að heita mátti, að æ vildu það bæði, er annað vildi. Sambúð þeirra var hin bezta til dauðadags, og komu þó þeir atburðir fyrir, er opt verða til að spilla heimilisfriði og samlyndi, en með stilling og hreinskilni björguðu þau sér úr þeim vanda.

Snemma tók Jón að gefa sig við sveitastjórnarmálum. Árið 1857 var hann skipaður hreppstjóri í Skútustaða-hreppi. Gengdi hann því starfi síðan þangað til hann dó, nema 1861—64. Ávann hann sér brátt fullkomið traust hreppsúa. Þeir buðu honum jafnvel laun fyrir sveitarstjórnarstörfin, til þess að hann héldi áfram við þau. Árið 1868 og þar á eftir var ósamþykki mikið með Jóni og Pétri Hafstein amtmanni. Amtmaður var, eins og kunnugt er, kappsmaður hinn mesti og óeyrinn í skapi; hlífðist hann eigi við að óvirða Jón á ýmsar lundir; en Jóni var ótamt að láta sinn hlut. Varð deila þeirra bæði hörð og löng<sup>1</sup>. Þá var það í júlímánuði 1869, að amtmaður vék Jóni frá hreppsstjórn, án þess nokkrar sakir væri til. Kunnu Mývetningar því svo illa, að þeir sömdu bréf, er senda skyldi dómsmálastjórninni í Kaupmannahöfn. Var þar skorað á stjórnina, að ónýta úrskurd amtmanns, þann er vék Jóni frá hreppsstjórninni. Í bréfinu er meðal annars kveðið svo að orði um hreppsstjórn Jóns:

1) Þess er vert að geta, að áður en Havstein amtmaður dó voru þeir Jón sáttir orðnir heilum sáttum. Það sagði Jón mér sjálfur. Munu þeir hafa virt hvor annan mikils, þrátt fyrir allt, er í milli þar.

» . . . . . hefir hann gengt hreppsstjórnarstörfunum með einstakri alúð og skyldurækt; hann hefir eftir megni varið hreppinn fyrir ofmiklum þyngslum og áföllum og hvorki sparð fylgi sitt né fyrirhyggju til að bæta úr bjargarskortri og vandræðum hinna mörgu þurfa-manna hreppsins; eins og hann á hinn bóginn hefir haldið svo spart og haganlega á fé hreppsins, sem framast hefir mátt eftir kringumstæðunum“. Jón tók brátt við hreppsstjórninni aftur og hélt henni síðan, eins og sagt var.

Þá er breytingin varð á allri sveitastjórn með tilskipun 4. maí 1872, varð Jón oddviti hreppsnefndar og var það lengst um síðan. Sömuleiðis var hann sýslunefndarmaður optast og var það enn, þegar hann dó. Amtsráðsmaður var hann einnig um stund. Það var í einu orði ekkert það starf, er almenningur í þessu héraði átti mann til að kjósa, og sem maður í hans stöðu var kjör-gengur til, að eigi væri hann til þess kjörinn. Þannig var hann formaður ýmsra félaga, og það er eftirtekta-vert, að einmitt þau félög, er *hann* veitti forstöðu, hafa náð meiri þroska en önnur samskonar félög. Má nefna til »Lestrarfélag Mývatnssveitar«, er hann var formaður fyrir í nærfellt 30 ár. Er það hið lang-fullkonnasta lestrarfélag, er ég þekki til í sveit, og á líklega hið besta bókasafn, sem til er í nokkurri sveit á Íslandi. Hann var og formaður »Kaupfélags Þingeyinga« frá byrjun þess, og til þess er hann dó; var það fárra manna færi að stjórna því, svo sem hann gerði. Mun ég geta nokk-ud ræðilegar um það seinna.

Árið 1858, þá er Jón var rétt þrítugur, var hann kjör-inn alþingismaður fyrir Þingeyjarsýslu, og sat hann í fyrsta skifti á alþingi 1859. Hann var þingmaður fyrir Þingeyjarsýslu ávallt síðan, þangað til 1886. Þá stóð svo á, að í Eyjafirði höfðu andvígismenn stjórnarskrár-málsins allmikiló ríki. Voru það einkum þeir séra Arn-hjótur Ólafsson og Jón Hjaltalín skólastjóri, auk ýmsra

fleiri. Þeir fylgdu sem fastast fram sköðunum sínum í blaðagreinum og á mannfundum og hugðust mundu koma sér eða sínum mönnum að til þingmennsku. Það dugði því eigi að skipa þar smámennum móti, ef vel ætti að fara. Þá tóku þeir sig saman, Jón Sigurðsson og Benedikt Sveinsson, og buðu sig báðir fram til þingmennsku í Eyjafirði. Stóð á Akureyri um vorið einn hinn snarpasti kjörfundur, sem haldinn hefir verið hér á landi. Lauk svo, að þeir Jón og Benedikt unnu hinn frægasta sigur, voru kosnir með hart nær tveim hundruðum atkvæða hvor. Síðan var Jón þingmaður Eyfirðinga til þess er hann dó innan takmarka þess kjördæmis, þá staddur á ferð til alþingis.

Þegar á alþingi 1859 fékk Jón mjög gott orð fyrir framkomu sína alla á þinginu. Sveinn Skúlason, er þá var alþingismaður og ritstjóri blaðsins »Norða«, ritlaði í blaði sínu dóm um alþingismenn; lofar hann Jón og telur hann hið vænlegasta þingmannsefni. Það leið heldur eigi á löngu, að hann tæki að hafa mjög mikil áhrif á þingmál, bæði á þingi og einnig, og það ekki síður, heima í héraði. Hvatti hann menn mjög til að fluga þingmál og taka þátt í þeim eftir föngum. Hann átti mjög opt fundi með kjósendum sínum, og innrætti þeim á ýmsan hátt, hversu nauðsynlegt það er, og hversu eðlilegt og sjálfsagt, eftir þeim kröfum um innlenda stjórn er Íslendingar hafa jafnan gert, að allir, eða sem flestir, geri sjer ljóst, hvað hér er um að ræða og hver er afstaða málanna í hvert skiffi. Það er óhætt að þakka það framgöngu hans og fylgi fremur en nokkurs annars manns, hvé mikið fylgi uppástungan um stofnun Þjóðvinafélagsins fékk hér í Þingeyjarsýslu; en það, að uppástungan fékk svo mikið fylgi hér, varð aptur til þess, að Þjóðvinafélagið var stofnað fyrir fullt og allt. Ég hef séð bréf, er Jón reit málsmetandi mönnum í hverri sókn kjördæmisins um þær mundir, og sést ljóslega af því, hve mikið áhugamál honum hefir verið, að



félagið gæti eftzt, og hverja þýðingu hann hugði það mundi hafa fyrir framgang þeirra mála, er stutt geta að framförum vorum. Hann lét sér og ávallt annót um Þjóðvinafélagið, og jafnvel þótt honum þætti það um stund hverfa nokkuð frá hinum upphaflega aðaltilgangi, að vinna fyrir framgangi stjórnarþóttarmáls vors, hélt hann þó uppi heiðri þess og hag.

Hann sparði hvorki tíma sinn né krafta til að vinna það, er hann áleit sér skylt að gera sem þingmaður. Sem dæmis má geta þess, að hann sótti alla þá þingvallafundi, sem haldnir voru eftir að hann varð þingmaður. Hann boðaði þingvallafundinn 1885. — Urðu menn þá svo vel við, að menn voru kosnir til fundarins í öllum kjördæmum landsins. Þess fundar mun verða lengi getið, því að þá voru alvarlega teknar upp á ný stjórnarþóttakröfur vorar, þær er síðan hefir verið fram haldið. Áskoranir til landsmanna, um að eiga fund á Þingvöllum 1888, hófust einnig í þessu héraði, og var það þá enn Jón, sem vann þar mest og best að.

Það er annars óþarfi, að fara hér mörgum orðum um Jón sem þingmann. Þingmennska hans er þjóðkunn og þjóðfræg. Hygg ég það eigi ofmælt, að engum þingmanni hafi alþjóð Íslendinga treyst jafnvel sem honum, síðan Jón eldra Sigurðsson leið. Samskonar traust báru þingmenn sjálfir til hans. Var hann kosinn varaforseti neðri deildar 1877 og forseti neðri deildar 1879 og síðan á hverju þingi, nema 1885.

Stjórn og yfirboðarar báru einnig hið bezta traust til Jóns; lýsti það sér oft og í mörgu. Þess hefir verið áður getið, að hann var skipaður hreppstjóri 1857. Hann var settur sýslumaður 1861 og gengdi þá sýslumannsstörfum í Þingeyjarsýslu hér um bil eitt ár, í umbóði Þorsteins Jónssonar Kansalliráðs og sýslumanns. Árið 1868 var hann aftur settur sýslumaður og rak þá sýsluna nær árlangt á eigin ábyrgð að öllu leyti. 26. dag

*H. Skj.*  
*y. Guð.*

malmánaðar 1867 var hann gerður að dannebrogsmanni; vörðist rétt að geta þess hér, þótt það hafi minni þýðingu, og víst er um það, að eigi taldi Jón sér það til ágætis og fannst honum fátt um þann frama. Árið 1871 var hann kallaður til að taka sæti í landbúnaðarlagnafndinni; hafði Páll Vídalín, alþingismaður í Víðidals- tungu, er upphaflega var kvaddur í þá nefnd, skorast undan því starfi sökum heilsuþrests, og var Jón þá skipaður í hans stað. Í landbúnaðarlagnafndinni átti Jón sæti, til þess er hún lauk starfi sínu 1876. Árið 1875 var með konungsúrskurði skipuð nefnd til að yfirvega skattamál Íslands og semja uppástungur til nýrra skattalaga. Í þá nefnd var Jón skipaður ásamt með Magnúsi Stephensen, sem nú er landshöfðingi, og yfirkennari H. Kr. Friðriksson. Jón sat í þeirri nefnd til þess hún hafði lokið störfum sínum. Umbodsmaður fyrir Norður- sýslu og Reykjadalshjarðir var hann skipaður 1885.

Hér eru þá talin mörg hinna helztu opinberra starfa, er Jóni voru falin af þjóð og stjórn. En ýmislegs er enn ógetið, svo sem hluttöku hans í sýslufundum og amtsfundum, er haldnir voru, þá er fjárkláðinn vofði yfir Norðurlandi og margt fleira.

Auk alls þess, er getið hefir verið, flutti Jón mörg mál fyrir rétti. Gerði hann það optast fyrir vini sína. Sum þau mál voru stór og vafningasöm, svo til þess þurfti mikinn tíma og fyrirhöfn. Honum lét málaflutningur vel, sem önnur störf, og var einatt sigursæll í málum.

En hvernig mátti það verða, að hann afkastaði svo miklu og marghátuðu verki? Hann var þó fæddur og uppallinn í mjög afskekktu héraði, svo fjarri þeim straumum alþjóðamenningsarinnar, er stefna kunna til þessa lands, sem verða má, og þar bjó hann allan aldur sinn. Hann ólst upp við mjög litla menntun, og á þeim árum, er næsta lífið var hirt um slíkt; eigi hafði hann heldur auð, völduga ætíngja, né önnur slík gæði, er svo

mjög léttu baráttu þeim er framgjarnir eru. Þar var í saunleika að segja eigið atgervi og mannkostir, er hann átti frama sinn að þakka, og allt það þarft og mikilsvert, er hann vann oss í hag, eignum vér að þakka hinu sama: atgervi hans og mannkostum. Það er því vel til fallið, að reyna til að gera sér ljóst, hversu hann var að sér ger, og hvað það var, sem einkum einkenndi störf hans og skapferli.

Jón Sigurðsson var fríður maður og tigulegur ásynður; hann var rúmlega 69 þumlungar á hæð, vöxturinn var þykkur og þreklegur, en eigi að sama skapi liðlegur. Höfuðið var mikið og frítt, og svipurinn mjög höfðinglegur, ennið stórt og gáfulegt, augun fremur smá, hýr og blíðleg hversdagslega, en hvöss og snörp, er hann skifti skapi sínu. Hárið var mikið og sterkt, en tók að verða hæruskotið þegar á ungum aldri, og allan stóðari hluta æfinnar mátti heita að hann væri hvítur fyrir hærvar. Þeim er leit hann varð ósjálfrátt að detta í hug: »Þessi maður er skapaður til að ráða fyrir öðrum og leiða aðra; enda reyndist það svo, hvar sem hann kom. Hann var vel á sig kominn að allri karlmennsku, hraustur og hugdjarfur. Reyndi oft á það, eigi sízt í ferðalögum þeim er hann átti einatt í á öllum tímum árs. Eitt vor, er hann reið til þings — ég held það hafði verið 1867 — varð hann að ríða 9 ár á sund á sudurleið, og þessu líkt var það oftast. Frá þessu sagði hann mér sjálfur. Ég var ósjaldan í ferð með honum á síðari árum, og það náttúrlega í misjöfnum veðrum og færum. Hann kvartaði nær aldrei um þreytu, aldrei kom það fyrir, að hann brysti hugrekki til að leggja út í illvirði eða hættuleg vötn. Svo mátti kalla að heilsa hans væri góð alla æfi. Framan af neytti hann aldrei áfengra drykkja, og var langa stund einn af helstu viðhaldsmönnum bindindisfélags, er þá var í Mývatnssveit. En er fram í sótti hneigðist hann nokkuð til drykkjar;

var það einkum í ferðalögum; urðu stundum svo mikil brögð að því, að eigi gengdi góðu hófi. Bar og meira á því fyrir þá sök, að hann var hávær nokkuð við drykkinn, og hætti þá til, eins og margan hendir, að verða nokkuð sjálfhælinn. En hann vann þó sín verk, og jafnan hélt hann áfram ferð sinni eigi að stöður. Hann svaf jafnan lítið, sjaldan meira en svo sem 5 klukkustundir í sólarhring; það var honum ættgengt; því svo-hafa ýmsir móðurfrendur hans verið. Það studdi eigi all-lítuð að því að gera honum mögulegt að afkasta svo miklu, sem hann gerði.

Hann var eiginlega ekki mælskumaður. Til þess skorti hann málfimni og orðsnilld. Rómurinn var skýr og karlmannlegur, orðalagið blátt áfram og stundum fremur þurt, framburðurinn meðallagi fjótur en ekki rétt liðlegur. En hann setti meiningu sína fram skýrt og afdráttarlaust með glöggum og alvarlegum orðum, og var eigi hætt við að hann væri misskilinn. Hann var tilgerðarlaus svo í ræðu sem öðru, og reyndi sjaldan til að vera fyndinn. Orð hans máttu sín oftast meira en þeirra manna, sem með málfegetuð og orðaleik skemmta eyrum manna, en sem oft gera með því ljóست mál tor-skilið og flókið.

Hann var skapstór maður og ákafur í lund, poldi hann því eigi vel mótstöðu; kom það jafnvel fyrir, að hann beittu ráðrfski, eða fremur afli en rökum. En hann fór jafnadarlega vel með skapi sínu og var oft stilltur vel, án þess þó að láta at sínu máli. Gáfnalag hans var þannig, að hann var ekki sérlega fljótskarpur; en hann skoðaði hvern hlut vel og rækilega og fann þannig hið rétta og hélt síðan fast við það. Hann var eigi gjarn á að smíða loftkastala, og yfir höfuð var hann ekki mjög gjarn á nýbreytingar. Flest fyrirteki, er hér voru stofnuð um hans daga, áttu hina allrafyrstu röt sína að rekja til annara manna. Þannig var um bæði þau félög, er nefnd voru hér að framan, »Lestrarfélag Mývatnassveitar« og »Kaupfélag Þingeyinga«. Fyrstu uppá- stungum og tilraunir til þeirra voru gerðar af öðrum mönnum. En þroski sá og viðgangur, er þau hafa fengið, er eigi að stöður mest Jóni að þakka. Hvert það mál, er almenningur adhyllist, og sem honum sýndist þess vert, tók hann að sér, og þá var þess aldrei

langt að líða, að hann væri þar ordinn fremstur, ordinn lífið og sálin í því.

Fátt var honum svo leitt sem leti og ómennska og allur auvirdiskapur. En þar sem hann varð var við góða hæfileika hjá ungum mönnum, hvatti hann þá og studdi rækilega til menningar og frama, og eiga ýmsir menn honum mjög mikið að þakka fyrir hvatir hans og ráð. Hann var drenglyndur og vinfastur. Lét hann sér alla æfi mjög annt um ýmsa þá menn, þótt ekki væri vel að manni, er hann hafði kynnt við í æsku. Attu þeir jafnan athvarf hjá honum síðan.

Í sem allra fæstum orðum finnst mér lýsing Jóns mætti vera þannig: Hann var ekki skáldlegur eða hugsjónaríkur; en hann sá glögg gagnsemi hlutanna, hafði stöðugan og einbettan vilja og framúrskarandi þrótt til að framkvæma.

Það er oft venja að tala um hamingjusemi manna. Raunar eru skoðanir manna mjög margbreyttar um það efni; sést það best á því, að það sem einn kallar guðsblessun, það kallar annar strákalukku, eða enn verra nafni. En máltækid segir: »Hver er sinnar græfu smiður« og læt ég hvern ráða meiningu sinni um það; en í venjulegum skilningi var Jón Sigurðsson hamingjumaður. Hann átti góða foreldra; einkum var móðir hans orðlögð fyrir góðleik og rausn. Hann fékk þá konu, að láar eru slíkar, og börn' átti hann mörg, er voru honum til gleði alla stund. Hann naut hinna mestu virðinga, er manni í hans stöðu geta hlötnazt og hélt þeim til dauðadags. Þótt fjárhagar væri fremur þröngur oft, tókst honum að manna börn sín svo vel, sem kunnugt er orðið. Hann hélt jafnan bú sitt með

1) Börn þeirra hjóna, þau er upp komust (2 dóu ung). eru þessi:

Sigurður verzlunarmaður á Seyðisfirði,

Kristján, yfirðómari í Reykjavík

Pétur, bóndi á Gautlöndum,

Jón, ógiptur á Gautlöndum,

Þurður, ógift á Gautlöndum,

Rebekka, kona séra Guðmundar í Gufuldal,

Steingrímur, á háskólanum í Kaupmannahöfn,

Þorlákur, sómuleiðis á háskólanum í Kaupmannahöfn,

Kristjana, ógift á Gautlöndum.

Tvær dætur átti Jón utan hjónabands; önnur þeirra (Sigrún) ógift, um tvingt; hin (Sigrður) fjögura ára.

raun; var gestnaud þó svo mikil á Gautlöndum, að fádæmum setti; en gestrisnin var æ hin sama og fannst það aldrei á, að gestnaudin þætti sérlega tilfinnanleg eða við of.

Vér skulum nú snöggvast lita á, hver þau störf voru, er Jón hafði að gegna hið síðasta æliár hans. Hygg ég að á engu verði betur séð, hvílkur starfsmaður hann var, og hve ótrúlega miklu hann fékk afkastad.

Hann hafði stjórn á allumfangsmiklu bó. Hann var hreppstjóri og hreppsnefndaroddiviti í sveit sinni. Hann var sýslunefndarmaður og umbodsmáður; varði hann til umbodisins allmiklu starfi, þar eð hann einmitt þá varð að vinna svo mikið að landamerkjum, samkvæmt landamerkjalögnum. Hann vann mjög að þingmálum, þar sem hann studdi manna mest að því að koma þingvallafundinum á og sótti þar á ofan sjálfur fundinn. Enn er þó ótalið það, sem mest var verkið af öllu þessu: Hann var formáður »Kaupfélags þingeyinga«. Síðasta árið, sem Jón lifði, var umsetning félagsins nokkuð á annað hundrad þúsunda króna. Alla reikninga félagsins hafði hann á hendi, bæði út á við, gagnvart viðskiftamönnum erlendis, og inn á við, gagnvart deildum félagsins og einstökum mönnum; sömuleiðis bréfaferðir allar og framkvæmdir á ályktunum félagsins. Þegar nú þess er gætt, að hann kunni lítt til þessara starfa, og varð það því erfiðara miklu en ella myndi, og hann átti ekki völ þeirra manna, er vel kynni slík störf, er auðsett, hvílikt feiknaverk þetta hefir verið fyrir sextugan mann. En það var eins og vinnubröttur hans væri ósigrandi, og aldrei var hann einbeittari en nú stóast. Honum var líka mjög kært að vinna að því að bæta úr verzlunarólaginu. Hafði hann alla ævi lagt kapp á það og gengið fyrir ýmsum tilraunum í þá átt; var hann því oft lítil vinur kaupmanna. Mest kváð þó að því, eftir að »Kaupfélagið« var stofnað. Þá fengu viðskiftaútraunir manna hér loksins fasta stefnu, og þeirri stefnu fylgdi Jón fram með sínu mikla þreki og öruggu framkvæmd, þrátt fyrir harðfengilega mótspyrnu kappfullra og voldugra manna, er eigi spörðu að spilla kaupfélagskapnum, og sem þar á ofan leitust við að gera Jóni lífið erfiðt á marga vegu.

En svo féll hann snögglega og öllum á óvart frá þessu margbreytta og mikla verki. Að vísu verður verkum

þeim, er hann vann að, haldið áfram; en skað það, er varð við fráfall hans, er ekki auðfyllt. Eg gét eigi varizt þess að ímynda mér, að sundrung su og annar ófagnadur, er kom fram á síðasta þingi, hefði minni verið, ef vér hefðum átt Jón þá á lífi. Með festu sinni og alvörugefni mundi hann hafa komið í veg fyrir sumt er miður fór, því að flestir mundu hafa látið sér vel líka að lúta honum sem foringja sínum.

Fráfall hans varð með þeim atburðum, er nú skal sagt: 21. dag júnímánaðar 1889 lagði Jón ásamt nokkrum fleiri mönnum, þar á meðal tveim alþingismönnum, frá Bakkaseli í Öxnadal upp á Öxnadalshéið. Hann var þá á ferð til alþingis í 17. sinni. Hafði hann engan fylgdarmann; lýsti sér í því vaskleiki hans og dirfska að riða til þings fylgdarmannslaus, þótt hann þrætist mundu geta notið samfylgdar annara manna. Þannig hafði hann ferðast oft; en nú var hann 61 árs, og náttúrulega tekinn mjög að stírðna. Kvöld var komið er þeir lögðu upp frá Bakkaseli. Jón hafði næstu nótt á undan sofð lítið eða ekki, og var bæði syfjapur og þreyttur, enda fremur dapur í hug, að því er sagt er. Vegur er grytjur yfir Öxnadalshéiði og mjór; riðu þeir drafft, þar þá svo til, er Jón var aftastur, að hann féll af hestinum, en fóturinn annar var fastur í ístaðinu, og dró hesturinn hann kippkorn, e. 100 faðma, áður en þess var gætt. Meiddist hann mjög á baki og gat sig ekki hreyft, en var þó ekki beinbrotinn. Förunautar hans gátu náð tjaldi hjá grasafólki þar á heiðinni, og tjöldudu þeir yfir honum. Eftir tvo sólarbringa var hann borinn til byggða, í Bakkasel, og þá var þar kominn lækur til að binda um sárin. Eftir það hrestist hann dálítið og hugðu menn að honum mundi batna skjótt; en það snerist á annan veg, því á öðrum degi þyngdi honum mjög, og lagðist veikin fyrir brjóstið. Andaðist hann fyrir miðjan morgun 26. júní.

Þannig dó hann í sjálfri herferðinni, og hann dó eins og hetja. Hann hneig sakir þreytu af hestinum og hann lá banaleguna uppi á heiði. Til þess að deylla eins og hetja heyrir það að líknarhönd ástvina nái ekki til manns. Sú líknarhönd gerir mann að aumingja, þótt hann sé það ekki. Annað skilyrði er að ganga þegjandi frá verkinu og kvarta ekki. Þannig dó Jón Sigurðsson. »A meðan hann lá í Bakkaseli talaði hann um daginn og

vegin, en aldrei um sig eða sína; og þó bjóst hann við dauða sínum og bjó sig undir hann, eins og guðhræddum manni ber. Engan nefndi hann á nafn heima því síður að hann gerði ráðstöfun heim, og aldrei kom kvörtun yfir hans varir.

Útför Jóns var ger svo vegleg, sem föng voru á. Lík hans var flutt til Akureyrarkirkju 1. júlí og daginn eftir — á Þingmáritumessu — fór fram sorgarathöfn í kirkjunni. Fjöldi manna í Eyjafirði var viðstaddur — 600 til 700 —; þar voru og nokkrir Mývetningar með tveim sonum hins látna, Pétri og Jóni. Séra Mattías Jochimsson og séra Jónas Jónasson á Hrafnagili fluttu ræður; báðir ortu þeir og kvæði út af þessum atburði. Síðan fluttu Eyfirðingar líkið að Hálsi í Fnjóskadal, og fylgdu þangað margir helztu bændur úr Eyjafirði. Þá tóku Þingeyingar við og fluttu líkið að Gautlöndum. Þá er kom að landamærum Mývatnssveitar, mætti líkfylgdinni mikill fjöldi Mývetninga, sem tóku þar móti foringja sínum með sorgarkvæðum. Heima á Gautlöndum beið ekkjan, sorgmædd og sjúk; hafði hún nokkru áður tekið meinsemd þá, er leiddi hana til bana skömmu síðar.

Jarðarförin fór fram 11. júlí að Skútustöðum, með meiri viðhöfn og fjölmenni, en þar hefir nokkru sinni áður sést. Líkfylgðin var um 500 manna, og er það mikið fleira en allt fólk prestakallsins. Þar voru viðstaddir menn úr öllum hreppum Suður-Þingeyjarsýslu og nokkrir menn úr Eyjafirði. Sex prestar voru þar viðstaddir og fluttu fjórir þeirra ræður: séra Jón Þorsteinsson á Halldórsstöðum, séra Jónas Jónasson á Hrafnagili, séra Jón Arason á Þóróddsstað og séra Pétur Jónsson á Hálsi. Þar voru og flutt sorgarkvæði.

Nú er tekið að safna fé með samskotum til minnisvarða yfir Jón Sigurðsson, og er einsett að gera hann svo veglegan, sem föng eru á. En þann varða hefir hann sjálfur reist sér með verkum sínum og framkvæmdum, er geyma mun nafn hans og minningu sem eins hins mesta manns, er bændastétt lands vors hefir átt til þess dags.